

14. APRÍL
2023

HARPA
ELDBORG

Anna, Sibelius og Tsjajkovskíj

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Voice verser 16'
METACOSMOS 13'
Luonnotar 10'
Sinfónía 50'

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verða sendir út 27. apríl

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Anna, Sibelius og Tsjajkovskíj

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen

Hljómsveitarstjóri

Anu Komi

Einsöngvari

Jukka Tiensu

Voice verser (2012)

Anna Þorvaldsdóttir

METACOSMOS (2017)

Jean Sibelius

Luonnotar (1913)

Hlé

Pjotr Ilyich Tsjajkovskíj

Sinfónía nr. 5 í e-moll op. 64 (1888)

Andante - Allegro con anima

Andante cantabile con alcuna licenza

Valse: Allegro moderato

Finale: Andante maestoso - Allegro vivace

Ljóðatexta og þýðingar má finna á blaðsíðu 11.

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað fjölda virtra hljómsveita, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki, Stokkhólmi og BBC, Sinfóníuhljómsveitunum í Baltimore og Vínarborg svo fátt eitt sé nefnt. Þá hefur hún stjórnað óperusýningum við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden.

Eva er gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni. Sumarið 2022 þreytti Eva frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum, þar sem hún stjórnaði heimsfrumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, auk þess að stjórna Fílharmóníusveit Los Angeles í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl og Walt Disney Hall.



Anu Komsí

EINSÖNGVARI

Finnska sópransöngkonan Anu Komsí þykir ein fremsta óperusöngkona Finna um þessar mundir og er eftirsótt kólóratúr-söngkona á heimsvísu. Verkaskrá hennar er breið og víðfeðm og spannar tónlist endurreisnar og til okkar tíma. Hún nam söng við Síbelíusarakademíuna en hafði áður numið fiðlu- og flautuleik og hóf ferilinn raunar sem hljóðfæraleikari í Kammersveitinni í Austurbotni. Sú reynsla varð meðal annars til þess að tendra ástríðu hennar fyrir samtímatónlist og tónlist frá seinni hluta 20. aldar sem Komsí hefur lagt sérstaka rækt við. Má þar nefna verk úr smíðjum Schnittke, Ligeti, Kurtág, John Zorn, Duke Ellington, Morton Feldman og Karlheinz Stockhausen. Anu Komsí fór ein með sópranhlutverkið í óperu Stockhausen, *Donnerstag aus Licht*, þegar hún var sett upp í Basel árið 2016 og braut þar með blað í flutningssögu óperunnar sem er sex tíma löng en sópranhlutverkinu hafði fram til þess tíma verið skipt á milli nokkurra söngvænna sökum lengdar óperunnar.

Komsí hefur pantað og frumflutt fjölda nýrra verka, má þar nefna tónsmíðar eftir Unsuk Chin, Christian Mason og Kaiju Saariaho. Sir George Benjamin skrifaði sópranhlutverkið í kammeróperu sinni *Into the Little Hill* sérstaklega fyrir Komsí sem hefur tekið þátt í flutningi hennar víða um heim. Fyrir framlag sitt og frumkvæði á sviði samtímatónlistar hefur Komsí hlotið verðlaun og viðurkenningar svo sem Madetoja-verðlaun finnska tónskáldafélagsins árið 2020 og verðlaun kennd við finnska tónskáldið Erik Bergman árið 2021. Anu Komsí hefur komið fram með fremstu hljómsveitum heims á borð við Fílharmóníusveitirnar í Berlín, Vínborg og New York og túlkað um sjötíu óperuhlutverk í mörgum af virtustu óperuhúsum veraldar. Hún hefur sungið inn á hundruð hljóðrita sem hafa mörg hver hlotið frábærar viðtökur og verðlaun. Árið 2021 var hún tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Þetta er í fyrsta sinn sem Komsí stígur á svið með Sinfóníu-hljómsveit Íslands en hún hefur áður sungið undir stjórn Evu Ollikainen, með Fílharmóníusveitinni í Turku fyrir tæpu ári þar sem tónaljóð Síbelíusar, *Luonnatar*, var á meðal verka á efnisskrá.



Jukka Tiensuu

VOICE VERSER

Finnska tónskáldið, semballeikarinn, píanistinn og hljóm-
sveitarstjórinn Jukka Tiensuu (f. 1948) samdi verkið *Voice
verser* fyrir samlöndu sína, sópransöngkonuna Anu Komsí,
sem stígur á svið með Sinfóníuhljómsveitinni í kvöld. Verkið
frumflutti Komsí ásamt Útvarpshljómsveitinni í Frankfurt
undir stjórn Sakari Oramo árið 2012. Það hefur síðan hljómað
víða við frábærar undirtektir og nú í fyrsta sinn í meðförum
Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er Íslandsfrum-
flutningur verksins en
tónlist Jukka Tiensuu hefur
einu sinni áður hljómað
á tónleikum Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands; árið
1996 þegar sveitin flutti
hljómsveitarverkið Halo á
tónleikum í Langholtskirkju
undir stjórn Anne Manson.
Tónlist Tiensuu hefur
oft hljómað hérlendis
í meðförum annarra
tónlistarhópa og tónlistar-
fólks, má þar nefna
Kammersveit Reykjavíkur,
Caput, harmonikku-
leikarana Hrólíf Vagnsson
og Tatu Kantomaa og
semballeikarann Önnu M.
Magnúsdóttur.

Voice verser er í þremur aðskildum þáttum og tekur um
fimmtán mínútur í flutningi. Í aðalhlutverki er söngkonan en
þáttur hennar í verkinu er stórbrotinn. Hér er leikgleðin alls
ráðandi, raddsviðið þanið til hins ýtrasta og möguleikar og
ómöguleikar mannraddarinnar í forgrunni; hlátur, grátur,
ýlfur, hvísl, öskur, sveigjur, beygjur og stökk. Upp í hugann
koma nokkur lykilverk frá 20. öldinni sem samin voru fyrir
armensk-bandarísku söngkonuna Cathy Berberian. Má þar
nefna *Sequenzu III* frá árinu 1965 eftir ítalska tónskáldið
Luciano Berio þar sem lagt er í rannsóknarleiðangur um
mannsröddina með öllum sínum óendanlegu blæbrigðum,
hljóðum og óhljóðum. Verk Tiensuu er samið fyrir manns-
rödd og sinfóníuhljómsveit sem er ekki síður litskrúðug, vein-
andi tréblásarar, skerandi strengir, klingjandi slagverk.
Í verkinu er rými sinfóníuhljómsveitarinnar einnig brotið upp
og þanið út, tveir litlir hljóðfærahópar stilla sér upp baka til,
sitthvoru megin við áheyrendur og skapa með því nokkurs
konar víðómsáhrif.

Fyrsti þáttur verksins nefnist *Desparia*. Yfirbragðið er hæg-
fara, dramatískt og dulúðugt, styrkleikabreytingar örar og
tilfinningatjáningin brjálæðisleg. Seigfljótandi gliss þar
sem söngkonan rennir sér hægt upp og niður tónana,
vitt víbrató þar sem röddin sveiflast á milli tóna, stunur,
kjökur og vein. Annar þátturinn, *Come*, byggir á stuttum og
hvellum nótum og vekur upp hugrenningatengsl við þekktar
kólóratúrariur tónlistarsögunnar á meðan þriðji þátturinn,
Riitti, er tryllingsleg þeysireið sem hefst með háværu
hrópi hljómsveitarmedlima og lýkur með öskri, andvarpi og
dúnmjúkum og nokkuð óvæntum bjölluhljómi selestunnar.



Anna Þorvaldsdóttir

METACOSMOS

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) samdi hljómsveitarverk sitt METACOSMOS fyrir Fílharmóníusveitina í New York sem frumflutti það undir stjórn Esa-Pekka Salonen í apríl 2018. Verkið hlaut frábærar viðtökur og dóma í þarlandum stórbliðum og hefur frá því þetta var verið leikið á tugum tónleika í túlkun margra af virtustu símfóníuhljómsveitum heims. METACOSMOS kom út í margrómaðri hljóðritun Símfóníuhljómsveitar Íslands, sem tilnefnd var til Grammy-verðlauna 2019 og var jafnframt valin ein af bestu klassísku hljóðritunum þess árs af gagnrýnendum The New York Times.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Símfóníuhljómsveit Íslands lék METACOSMOS fyrst á tónleikum á Myrkum músíkdögum 2019 undir stjórn Daniels Bjarnasonar og flytur það því öðru sinni á tónleikum hér í kvöld. Verkið mun hljóma á sjö tónleikum sveitarinnar á tónleikaferðalagi hennar um Bretlandseyjar nú í apríl.

METACOSMOS hefst í óræðu þyngdarleysi. Djúpir og fljótandi tónar á lágu tónsviði umlykja okkur um stund áður en kröftugur hvellur eins og hleypir atburðarásinni af stað. Þetta er viðburðaríkt hljómsveitarverk; fullt af andstæðum og togi á milli ólíkra afla og kennda, birtu og rökkurs, glundroða og kyrrðar, fljótandi tímaleysis og ágengs taks. Fíngerð, smástífg stef yfir löngum, ómstríðum tónum, bjartar laglínur brjóta sér leið í gegnum myrka hljómaklasa, skerandi pikkolóflauta kallast á við djúpt muldur kontrabassa. Veröldin er aldrei eintóna eða fyrirsjáanleg, við skynjum sífellt viðnám, undirdjúp og spennu – hvort sem er í myrku upphafinu eða í björtum samhljómi í lok verksins.

Viðburðaríkt verk sem lýtur sterkum innri lögmálum og myndar eina samfellda heild. Framvindan er lífræn og náttúruleg, hljóð bráðna saman, gliðna sundur, finna sér nýja farvegi, gjósa, gufa upp. Hliðstæður úr náttúru nálægar en eins og kunnugt er sækir Anna Þorvaldsdóttir tónlistarlegan innblástur í hreyfingar, form og togkraft náttúrunnar. Sjálf hefur hún talað um að hugmyndin um svarthol, óendanlega smátt með sinn óstjórnlega togkraft, hafi verið ein af kveikjum þessa verks, ekki sem myndhverfing eða viðfangsefni heldur uppspretta og innblástur. Dáleiddandi sogkraftur, líf andspænis afli og ókunnri veröld þaðan sem ekkert fær sloppið. Hér er það hlustandans að gefa sig þessu afli á vald og leyfa sér að sogast með inn í ókunna veröld, handan þess sem við þekkjum.



Jean Sibelius

LUONNOTAR

Jean Sibelius (1865 – 1957) samdi tónaljóðið *Luonnotar* árið 1913 fyrir finnsku sópransöngkonuna Aino Ackté sem frumflutti verkið í Gloucester það sama ár. Ackté, sem bjó yfir breiðu raddsviði og yfirburða söngtækni, var skærasta óperustjarna Finna á þeirri tíð, þekkt fyrir túlkun sína á Salome í samnefndri óperu Richards Strauss og átti að baki glæstan feril á fjöllum Parísaróperunnar, Metropolitan-óperunnar og Konunglegu óperunnar í Covent Garden. Einsöngspartur tónaljóðsins gerir gríðarmiklar kröfur til einsöngvarans og nokkuð auðheyrta að hann er saminn fyrir framúrskarandi einsöngvara. Raddsviðið nær yfir tvær áttundir, stökkið er ótt og títt á milli djúpra og hárra tóna auk þess sem fyrir koma langir, viðkvæmir og ofurlágværir tónar á háu og krefjandi tónsviði.

Luonnotar byggir á sköpunarsögu sem finna má í upphafi finnska kvæðabálksins Kalevala. Þetta var hvorki í fyrsta né síðasta sinn sem Sibelius leitaði í brunn hins dýrmæta þjóðkvæðis, Kalevala, sem fyrst kom út á prenti árið 1835 en hafði varðveist í munnlegri geymd í aldaraðir fram til þess. Kalevala er til að mynda uppspretta hinnar risavöxnu kórsinfóníu *Kullervo* (1892), *Lemminkäinen-svitunnar* (1895-1900) og *Tapiola* (1926) sem var síðasta stóra hljómveitarverk tónskáldsins.

Luonnotar er forsögulegt náttúruafl eða vera, dóttir náttúrunnar sem hefur velkst um í ofviðri og stórsjó í sjö hundruð ár þegar fugl finnur sér hreiðurstað á hné hennar. Egginn velta úr hreiðrinu og brotna svo til verður sólkerfi; rauðan umbreytist í sól, hvítan í mána, skurnin í jörð, himin og stjörnuþyrpingu. Verkið hefst með stuttum strengjaþýti áður en sópraninn hefur upp raust sína, yfirbragðið er myrkt og dramatískt, þrungið spennu og dulúð sem þykir á köflum minna á fjórðu sinfóníu Sibelíus sem samin er um svipað leyti og telst til hans dekkstu og ómstríðustu verka.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Luonnotar hefur tvívegis áður verið á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Soile Isokoski söng einsöngspartinn ásamt sveitinni undir stjórn Petri Sakari árið 1990, fyrst í Háskólabíói og síðar sama ár á tónleikaferðalagi í Turku og Stokkhólmi. Árið 2015 söng Þóra Einarsdóttir einsöng ásamt hljómveitinni undir stjórn Vladimir Ashkenazy en fyrir túlkun sína hlaut Þóra Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins.

Þess má og geta að verkið hljómaði á sögufrægum styrktartónleikum hljómveitarinnar Filharmóníu í Royal Festival Hall í Lundúnum árið 1985. Þar stýrði Vladimir Ashkenazy flutningi og Elisabeth Söderström söng einsöng. Meðal gesta voru frú Vigdís Finnbogadóttir, Charles prins af Wales og lafði Díana en öll innkoma tónleikanna rann til byggingar tónlistarhúss á Íslandi.



Pyotr Ilyich Tsjajkovskíj

SINFÓNÍA NR. 5 Í E-MOLL OP. 64

Fimmta sínfónía Tsjajkovskíj var frumflutt í nóvember 1888 á tónleikum Fílharmóníusveitarinnar í St. Pétursborg. Viðtökur voru blendnar, tónleikagestir almennt hrifnari en tónlistargagnrýnendur. Tsjajkovskíj, sem þjáðist af nagandi sjálfsefasemdum og fullkomnunaráráttu, tók að efast um að nokkuð væri varið í nýju sínfóníuna sem væri (að mati hins sjálfsgagnrýna tónskálds) langdregin, yfirborðsleg, glundroðakennd, gersneydd tilfinningu eða samkennd og mun lakari tónsmíð en fjórða sínfónían. „Getur verið að ég sé útbrunninn sem listamaður?“ spyr niðurdregið tónskáld í bréfi til velgjörðakonunna sinnar, Nadezhdu von Meck, haustið 1888.

Stutta svarið er auðvitað nei. Tsjajkovskíj átti eftir að semja nokkrar af sínum glæsilegustu tónsmíðum þau ár sem hann átti ólífudu, má þar nefna ballettana Hnotubrjótinn og Þyrnirós, óperuna um Spaðadrottninguna, strengja-sextettinn Souvenir de Florence og sjöttu sínfóníuna, Pathétique-sínfóníuna, sem hann stýrði frumflutningi á örfáum dögum fyrir andlát sitt 1893. Hvað varðar fimmtu sínfóníuna þurfti Tsjajkovskíj að éta stóru orðin ofan í sig að loknum velheppnuðum frumflutningi í Hamborg árið 1889 þar sem fimmta sínfónían fékk glimrandi viðtökur. „Ég sé að ég hef verið full dómharður“ skrifaði hinn örlyndi Tsjajkovskíj, „ég hef tekið nýju sínfóníuna mína í sátt.“

Efasemdirnar höfðu hins vegar fylgt tónskáldinu í gegnum allt sköpunarferli þessarar sínfóníu eins og bréfaskipti og dagbókarbrot bera vott um. Hann naut orðið mikillar velgengni og viðurkenningar heima og að heiman, var fyrsta rússneska tónskáldið til að njóta alþjóðlegrar hylli og var tekinn að hasla sér völl sem eftirsóttur stjórnandi eigin verka. Ekkert kom þó í veg fyrir nagandi sjálfsniðurrifið, Tsjajkovskíj óttaðist að ímyndunaraflíð væri þorrið og hann hefði ekkert meira að segja í tónlist. „Ég er að herða mig upp í að semja sínfóníu“ skrifaði hann bróður sínum Modest vorið 1888 „og hef smátt og smátt verið að safna efniviði í hana“.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónía nr. 5 eftir Tsjajkovskíj hljómaði fyrst í meðföllum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1953 og þá í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Hermanns Hildebrandt. Hún hefur notið mikilla vinsælda hjá hljómsveitinni allar götur síðan og verið leikin á tónleikum undir stjórn hljómsveitarstjóranna Vladimir Ashkenazy (1973), Jean-Pierre Jacquillat (1981), Paavo Järvi (1993), Stefan Solyom (2003), Rumon Gamba (2009), Christian Lindberg (2011), Ilan Volkov (2012) og Osmo Vänskä (1994 og 2015). Hún mun hljóma á sjö tónleikum í tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitarinnar um Bretlandseyjar síðar í apríl.

Fimmta sinfónían hefst með hljóðlátu andvarpi. Klarínetturnar leika hikandi og spurult stef á djúpu tónsviði sem strengirnir styðja við. Muldur, efasemdir, uppgjöf gegn ofurvaldi örlaganna svo vitnað sé í hugleiðingar tónskáldsins en þessi inngangur (nokkurs konar örlagastef) eins og bindur sinfóníuna saman og skýtur upp kollinum í ólíkum myndum í öllum fjórum þáttum verksins. Úr djúpinu taka laglínurnar að streyma fram, angurværar, syngjandi, dramatískar, hver annarri meira grípanði enda Tsjajkovskíj þekktur fyrir einstaka náðargáfu á því sviði. Hið strangmótaða sinfóníuform sem Haydn og Mozart faguðu á átjándu öldinni (og höfðu haft djúpstæð áhrif á Tsjajkovskíj) með tilheyrandi stefjaúrvinnslu vikur hér á köflum fyrir lausbeislaðri tjáningu, stundum í ætt við tónaljód eða jafnvel ballett þar sem Tsjajkovskí magnar upp fjölbreytilegustu litbrigði sinfóníuhljómsveitarinnar og dregur hlustandann með sér inn í heim sem hann kemur ekki samur úr.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Luonnotar

Olipa impi, ilman tyttö,
Kave Luonnotar korea,
Ouostui elämätään,
Aina yksin ollessansa,
Avaroilla autoilla.

Laskeusi lainehille,
Aalto impeä ajeli,
Vuotta seitsemän sataa,
Vieri impi veen emona,
Uipi luotehet, etelät,
Uipi kaikki ilman rannat.

Tuli suuri tuulen puuska,
Meren kuohuille kohotti.
„Voi, poloinen, päiväni!
Parempi olisi ollut
Ilman impenä elää.
Oi, Ukko, ylijumala!
Käy tänne kutsuttaissa.“

Tuli sotka, suora lintu,
Lenti kaikki ilman rannat,
Lenti luotehet, etelät,
Ei löyä pesän sioa.
Ei! Ei! Ei!

„Teenkö tuulehen tupani,
Aalloillen asuinsiani,
Tuuli kaatavi,
Aalto viepi asuinsiani!“

Niin silloin veen emonen,
Nosti polvea lainehesta.
Siihen sorsa laativi pesänsä,
Alkoi hautoa.

Impi tuntevi tulistuvaksi.
Järkytti jäsenehensä.
Pesä vierähti vetehen,
Katkieli kappaleiksi.

Náttúrugyðjan

Hrein mey var hún, vindsins dóttir,
náttúrugyðjan, grönn og fögur,
undarleg var ævi hennar,
þurfti ávallt ein að vera,
einsómul í auðn og tómi.

Sveif hún niðrá sjávaröldu,
meyna bar svo báran víða,
sjöhundruð hún synti árin,
velktist meyjan, vatnamóðir,
fyrst norðvestur, svo í suður,
svo um allar loftsins strendur.

Kom þá svæsinn sviptivindur,
sjávarlöðri upp hann þeytti.
„Æi, mínir aumu dagar!
Betri hefði auðnan orðið
lifði eg enn sem loftsins dóttir.
Kom þú, Úkkó, æðstur guða!
Kom þú er ég kalla á þig.“

Kom þá duggönd, fleygust fugla,
flaug um allar loftsins strendur,
flaug norðvestur, flaug í suður,
fann þó ekkert hreiðurstæði.
Nei! Nei! Nei!

„Skal ég byggja bú í vindi,
dvalarstað á úfnum öldum?
Vindur niður hrindir honum,
aldan síðan ber hann burtu!“

Þá það varð að vatnsins móðir
annað hné sitt hóf úr öldum.
Öndin hér sitt hreiður gerði,
tók að unga út eggjum sínum.

Meyjan varð þá vör við hita,
að sér kippti útlimunum.
Hreiðrið valt í vatnið niður,
brotnaði í brotahrúgu.

Muuttuivat munat kaunoisiksi:
Munasen yläinen puoli
Yläiseksi taivahaksi,
Yläpuoli valkeaista,
Kuuksi kumottamahan,
Mi kirjajaista,
Tähiksi taivaalle,
Ne tähiksi taivaalle.

*Jean Sibelius setti saman upp úr
fyrstu kviðu í „Kalevala“, finnskum
þjóðkvæðum í búningi
eftir Elias Lönnrot*

Eggin breyttust, urðu fögur:
Efri hluti eggjaskurnar
varð að efsta himinhveli,
efri hluti eggjahvítu
breytti sér í bjartan mána,
örðurnar af ýmsum litum
stjörnur urðu uppi á himni,
urðu að háum himinstjörnum.

Reynir Axelsson þýddi

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Lin Wei
Joanna Bauer
Kateryna Mysechko
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Justyna Bidler
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

Víóla

Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Hávarður Tryggvason

Flauta

Harry Winstanley
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Antonia Zimmermann
Brjánn Ingason
Guðrún Erlendsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Jorge Viana

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Píanó

Guðrún Dalía Salómonsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tækni mála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækni maður

Á döfinni

19.05 FÖSTUDAGUR
Kl.19:30



Faust leikur Dvořák

Isabelle Faust er einn fremsti fiðluleikari samtímans og íslenskum tónleikagestum að góðu kunn, en margir muna eflaust eftir túlkun hennar á fiðlukonserti Brahms vorið 2019. Faust var einnig staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2010-11. Faust kemur reglulega fram með Berlínarfílharmóníunni og hlaut með þeim Gramophone-verðlaunin 2017 fyrir túlkun sína á konsertum Mozarts. Nú leikur Faust hinn rómaða fiðlukonsert Dvořáks sem var frumfluttur í Prag árið 1883. Gustav Mahler samdi risavaxin verk og er fimmta sinfónían þar engin undantekning. Þannig varð tónlistarlegur módernismi árunna í kringum aldamótin 1900 stundum að því sem nefnt hefur verið „maxímalismi“, það er að segja verk urðu gríðarlega stór í sniðum. Fimmta sinfónían var frumflutt í október árið 1904 og lætur hún engan ósnortinn, hvort heldur um er að ræða kraftmikið og voldugt upphafið, glæsilegt hornsóló í þriðja þætti eða angurværan fjórða þáttinn (Adagietto) sem oft er fluttur einn og sér. Hér fylgir Eva Ollikainen eftir framúrskarandi túlkun sinni á fyrstu sinfóníu tónskáldsins á 70 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands vorið 2020.

01.06 FIMMTUDAGUR
Kl.20:00



Carmina Burana

Líklegt má telja að ekkert klassískt tónverk frá 20. öld hafi notið jafn mikilla vinsælda og Carmina Burana eftir þýska tónskáldið Carl Orff. Heiti verksins kemur úr handriti frá 12. og 13. öld þar sem er að finna trúar-, drykkju- og ástarsöngva. Upphafskafllinn, O Fortuna, þar sem sungið er um gæfuhjólíð sem snýst í sífellu og breytir stöðu manna á augabragði, er án efa þekktasti hluti verksins en tónlistina úr Carmina Burana má heyra víða, meðal annars í auglýsingum, kvikmyndum og tölvuleikjum. Hér tekur stór hópur kóra og einsöngvara saman höndum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flytur verkið undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X
BRASSERIE & BAR



satt

SLIPPBARINN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Himnasælusinfónía með Barböru Hannigan

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ | KL. 19:30 | HARPA
FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ | KL. 19 | HOF

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er væntanleg til Íslands á ný og heldur tvöna tónleika með hljómsveitinni. Á efnisskránni eru hrífandi tónverk þar sem ljóðræna og leikgleði Hannigan fá að njóta sín jafnt í söng og hljómsveitarstjórn; Kraftaverkasinfónía Haydns og Himnasælusinfónía Mahlers.

MÍÐASALA HAFIN